

ÞÝÐINGARSAMNINGUR

um fagurbókmenntir.

Undirritaðir.....
 í samningi þessum nefndur þýðandinn og
 í samningi þessum nefndur útgefandinn, gera með sér með þeim
 skilmálum sem að neðan greinir svofelldan samning um þýðingu á verkinu

-

 a. Þýðingin er úr á
 b. Þýðingin er gerð eftir..... útgáfu frá árinu
 c. Grunneintakafjöldi útgáfu samkvæmt þýðingarsamningi þessum er 3000 eintök.
 d. Handrit skal afhent útgefanda eigi síðar en.....
 e. Þýðingarlaun eru samkvæmt grein 8 og nema kr.
 f. Fyrirframgreiðsla þýðingarlauna samkvæmt grein 8 er 1/3 hluti áætlaðrar þóknunar
 eða kr.
 g. Heildargreiðsla þýðingarlauna samkvæmt grein 8 er kr.
 h. Önnur atriði

 i. Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili frumriti.
 j. Rísi ágreiningur vegna samningsins má reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi
 Reykjavíkur
 k. Samningurinn er undirritaður í votta viðurvist.

Staður og dagsetning.....

.....
 Undirskrift þýðanda.

.....
 Undirskrift útgefanda.

Vottar:

.....

.....

SKILMÁLAR

A. GILDISSVIÐ ÞÝÐINGARSAMNINGSINS.

1. gr. Veitt réttindi.

1.1. Almenn ákvæði.

Þýðandinn tekur með samningi þessum að sér þýðingu á því verki sem að ofan greinir og útgefandinn hefur tryggt sér útgáfurétt að samkvæmt samningi sínum við eiganda höfundarréttar að verkinu eða honum er heimil útgáfa á.

Útgefandinn hefur samkvæmt samningi þessum, með þeim skilmálum sem greindir eru hér á eftir, einkarétt til að framleiða og gefa út þýðinguna í bókarformi í þeim eintakafjölda sem um er samið í einni útgáfu eða fleiri (óbundið og/eða innbundið) og endurútgáfu.

Þá er útgefandanum heimilt að gefa út fleiri eintök af verkinu en þau 3000 sem er grunneintakafjöldi og upphaflega er samið um í allt að 10 ár frá útgáfudegi þess en í því tilviki á þýðandinn rétt til greiðslu eins og nánar greinir í kafla samningsins um fjárhagslega skilmála hans. Verði útgáfa umfram eintakafjölda samkvæmt c-lið að framan skal útgefandi tilkynna þýðanda hverju sinni um nýja prentun eða útgáfu og upplag.

Rétturinn til þess að gefa út þýðinguna felur ekki í sér að útgefanda sé skylt að gefa hana út á bókarformi eða nýta á annan hátt sem samningurinn veitir útgefanda rétt til.

Útgefandanum er heimilt að vista þýðinguna á rafrænan hátt og gildir sá réttur eftir að þýðingarsamningur þessi er úr gildi fallinn enda fari slíkt ekki í bága við höfundarrétt að verkinu.

Þá má útgefandinn heimila þriðja aðila aðgang að hluta þýðingarinnar á rafrænan hátt enda sé það gert í auglýsingar- og/eða kynningarskyni og án endurgjalds til útgefanda og er það heimilt þrátt fyrir að samningur þessi falli úr gildi. Þýðandinn skal eiga rétt á upplýsingum um aðgang þriðja aðila að verkinu ef til kemur.

Eftir að rétturinn til útgáfu þýðingarinnar er úr gildi fallinn samkvæmt samningi þessum skal útgefandinn eiga rétt á að gefa þýðinguna út á næstu fimm árum svo fremi sem hann tryggir sér útgáfurétt að verkinu með nýjum samningi við eiganda höfundarréttarins eða sé heimil útgáfa verksins. Þetta er háð því skilyrði að þýðingin hafi þá ekki verið gefin út af nýjum útgefanda samkvæmt lögmætum samningi þar um eftir að þýðingarsamningur þessi féll úr gildi. Í þessu tilviki skal þýðandinn eiga rétt á greiðslu eins og nánar greinir í kafla samningsins um fjárhagslega skilmála.

Komi til þess að þýðandi semji um leikgerð eða kvikmynd eftir þýðingunni skal tilkynna útgefanda skriflega um slíka samninga þegar þeir eru gerðir og um áætlaðan frumsýningardag þegar hann hefur verið ákveðinn.

1.2. Safnrit.

Eftir að verkið hefur verið gefið út hefur útgefandi rétt til að birta það eða hluta þess í safnriti og skal greitt fyrir þá notkun sérstaklega. Óski þýðandi eftir að birta þýðinguna í safnriti hjá öðrum útgefanda getur hann, ef framlag hans í safnritið er ekki meira en ákveðið er í 17. gr. höfundarlaga, gert það hvenær sem er að því er varðar safnrit til skólakennslu, en að því er varðar önnur safnrit þremur árum eftir lok þess árs er fyrsta útgáfa þýðingarinnar kom út.

1.3. Hljóðbækur.

Sé ekki um annað samið hefur útgefandinn rétt til að nýta þýðinguna við útgáfu verksins á hljóðbók hvort sem er á eigin vegum eða í samstarfi við þriðja aðila. Hafa skal samráð við þýðanda um lestur verksins og mögulegar styttingar á því ef um er að ræða auk þess sem bjóða skal þýðanda að hlusta á innlestur verksins. Fyrir þann útgáfurétt greiðist sérstaklega og skal greiðslan vera hlutfall af greiðslu fyrir prentaða útgáfu. Lágmarksgreiðsla fyrir útgáfu á hljóðbók skal miðast við 300 eintök og nema 1/10 af þeirri fjárhæð sem þýðandinn fékk greidda fyrir fyrstu útgáfu á prenti. Um endurútgáfur gilda sömu reglur og um prentaðar **útgáfur að öðru leyti en um þóknun en því að fyrir hvert viðbótareintak mun greitt sama verð fyrir hvert** útgefið eintak grunneintakafjölda samnings þessa. Þóknun vegna viðbótareintaka skal gerð upp eigi síðar en 01.03. ár hvert fyrir útgefin viðbótareintök á fyrra ári.

1.4. Rafræn útgáfa.

Sé ekki um annað samið hefur útgefandi þýðingarinnar rétt til að nýta hana í rafrænni útgáfu (utankerfis) á gildistíma samnings þessa enda eigi hann rétt til slíkrar útgáfu samkvæmt samningi við erlendan rétthafa. Fyrir þann útgáfurétt skal greiða sérstaklega og skal greiðslan vera hlutfall af greiðslu fyrir prentaða útgáfu. Lágmarksgreiðsla og lágmarkseintakafjöldi skal vera hinn sami og samkvæmt grein 1.3 um hljóðbækur sem og reglur um endurútgáfur og þóknun fyrir þær.

1.5. Upplstur í útvarpi.

Þýðandi má ekki semja um upplstur á þýðingunni í útvarpi í heild sinni í tvö ár frá útgáfudegi verksins án þess að skriflegt samþykki útgefanda liggi fyrir.

2. gr. Gildistími þýðingarsamningsins og endurnýjun. Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Hafi þýðingin ekki verið gefin út í bókarformi innan fjögurra ára frá gerð samnings þessa, enda hafi engar óviðráðanlegar tafir orðið, falla niður réttindi útgefanda til að gefa þýðinguna út í bókarformi, í safnriti, sem hljóðbók eða á rafrænan hátt. Greiðslur sem útgefandi hefur innt af hendi eru óafturkræfar.

Nú hefur réttur til útgáfu þýðingarinnar fallið niður þar sem verkið var ekki gefið út innan fjögurra ára frá gerð samnings þessa en verkið ekki verið gefið út af öðrum aðila samkvæmt lögmætum samningi og á þá útgefandinn rétt til að gefa út þýðinguna á næstu fjórum árum gegn greiðslu til þýðanda sem nemi 25% af upphaflegri greiðslu fyrir þýðinguna sem verðbætt skal samkvæmt ákvæðum 8. gr. samnings þessa.

Fimmtán árum eftir að bókin var síðast gefin út eða prentuð falla öll réttindi samkvæmt samningi þessum niður enda hafi honum ekki lokið fyrir þann tíma vegna annara ákvæða samnings þessa.

Séu liðin sjö ár frá síðustu útgáfu eða prentun bókarinnar, hún uppseld og hafi nýr útgefandi tryggt sér á sama tíma rétt til útgáfu verksins, sem þá er fyrri útgefanda óheimil, skal þýðanda heimilt að semja við þann útgefanda um notkun þýðingar sinnar til útgáfu verksins að nýju án þess að það verði talið fara í bága við samning þennan. Við útgáfu þýðingarinnar á lögmætum hátt hjá nýjum útgefanda falla öll réttindi niður samkvæmt samningi þessum. Þó skal útgefanda, hafi útgáfuréttur samkvæmt samningi þessum fallið niður þar sem verkið hefur ekki verið gefið út eða prentað í fimmtán ár, heimil útgáfa bókarinnar síðar enda hafi hann þá rétt til útgáfu hennar og þýðingin hafi ekki verið gefin út af öðrum samkvæmt nýjum samningi.

Í því tilviki skulu gilda skilmálar samnings þessa eins og um frumútgáfu sé að ræða og greiða 2/3 af þóknun þýðanda samkvæmt samningi þessum. Réttindi útgefanda til útgáfu á rafrænan hátt og til útgáfu hljóðbókar vara í sama tíma og réttur til útgáfu verksins á bókarformi en framlengja ekki gildi samningsins á sjálfstæðan hátt.

3. gr. Einkaréttur útgefandans. Þýðanda verksins er ljós einkaréttur útgefanda til útgáfu verksins og fénytingar þess, eftir atvikum samkvæmt samningi útgefanda og handhafa höfundarréttar, og að honum er óheimilt að ráðstafa þýðingunni í bága við rétt útgefanda samkvæmt samningi þessum.

4. gr. Framsal útgáfuréttar. Ef réttur útgefanda samkvæmt samningi þessum er þáttur í eignum fyrirtækis má framselja útgáfuréttinn að þýðingunni samkvæmt samningi þessum til annars útgefanda án samþykkis þýðanda, sé um að ræða framsal eða eigendaskipti á öllu forlaginu eða hluta af því. Á sama hátt getur útgefandi með sömu skilyrðum áður en verkið er gefið út framselt rétt samkvæmt samningi þessum til annars lögaðila. Við framsal útgáfuréttar að þýðingunni er framseljandi áfram ábyrgur fyrir því að staðið sé við samninginn gagnvart þýðanda.

B. HANDRIT, PRÓFARKIR OG SKIL ÞÝÐINGAR

5. gr. Handrit og skil þýðingar. Fullgert handrit þýðingarinnar afhendist fyrir þann tíma sem að framan greinir. Við afhendingu skal handritið vera í tölvutæku formi. Að öðru leyti skal handritið vera þannig að ekki falli aukakostnaður á útgefandann vegna óskýrleika.

Hafi handrit þýðingarinnar ekki verið afhent á umsömdum tíma og í fyrrgreindu ástandi skal útgefandinn gefa þýðandanum frest í minnst fjórtán daga og getur síðan rift samningnum, hafi handriti ekki verið skilað að fresti liðnum. Sé samningi rift af framangreindum ástæðum, skal þýðandi endurgreiða þau þýðingarlaun sem hann hefur þá fengið greidd. Sé það ekki gert innan mánaðar frá riftun samnings, hafi hluta þýðingar verið skilað eða uppkasti hennar, getur útgefandi þó ákveðið í stað þess að krefjast endurgreiðslu á þýðingarlaunum að nýta þýðinguna með þeim hætti að nýr þýðandi verði ráðinn til að ljúka henni á grundvelli þess sem þá liggur fyrir.

Ef til þess kemur að þýðandi verði vegna veikinda eða annars ófær um að ljúka þýðingunni samkvæmt samningi þessum skal útgefanda heimilt að ráða nýjan þýðanda til að ljúka henni á grundvelli þess sem þá liggur fyrir. Í því tilviki skulu útgefanda afhent vinnugögn þýðanda í því formi sem þau liggja fyrir. Þá skal staða verksins metin og greitt hlutfallslega fyrir þýðinguna samkvæmt samningi þessum. Útgefandi og þýðandi skulu reyna að ná samkomulagi um nýjan þýðanda til að ljúka verkinu. Upphaflegs þýðanda skal getið við útgáfu verksins, nema hann óski annars.

6. gr. Breytingar á handriti. Eftir að þýðandi hefur skilað fullbúnu handriti getur hann ekki án samþykkis útgefandans gert slíkar breytingar á verkinu að eðli þess eða stærð breytist verulega. Útgefandinn ákveður uppsetningu og útlit bókar við útgáfu þýðingar.

Óski útgefandi eftir því að þýðandi inni af hendi ritstörf umfram þýðingu, svo sem ritun formála að þýðingunni, skýringar, atriðaskrár, káputexta og því um líkt skal greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt gildandi taxa eða sérstöku samkomulagi aðila.

Komi til endurútgáfu bókarinnar eftir að eintakafjöldi skv. samningi þessum er náð og átján mánuðir eru liðnir frá útgáfu hennar, skal þýðanda gefinn kostur á að gera þær breytingar á máli og stíl sem hann telur nauðsynlegar. Verði ágreiningur um þörf á endurskoðun á þýðingu, hvort sem er við fyrstu útgáfu eða síðar skulu aðilar sameiginlega leita til umsagnaraðila, sem þeir skulu báðir samþykkja og er umsögn hans bindandi. Náist ekki samkomulag um umsagnaraðila er aðilum samnings þessa heimilt að óska eftir því að Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda tilnefni slíkan aðila sameiginlega. Rafrænt afrit af endanlegum texta verksins skal útgefandi afhenda þýðanda eigi síðar en á útgáfudegi verksins.

7. gr. Prófaralestur. Þýðandanum er rétt og skylt án sérstaks endurgjalds að lesa fyrstu próförk þýðingarinnar. Fari hann fram á að lesa fleiri prófarkir skal honum það heimilt. Að öðru leyti sér útgefandinn um prófarkalestur.

Breyti þýðandinn verki sem hefur verið brotið um í svo ríkum mæli að það hafi í för með sér meira en 10% aukinn kostnað við umbrot getur útgefandinn krafist þess að þýðandinn greiði það sem er fram yfir þau 10% og eftir atvikum dregið það frá greiðslum til þýðanda. Slíka kröfu skal útgefandi gera eigi síðar en þremur mánuðum eftir að prófarkir hafa verið afhentar.

Ef þýðandinn skilar ekki próförkum innan þriggja vikna skal líta svo á að hann samþykki þær og útgefandanum er þá heimilt að láta prenta þýðinguna eftir að innsláttarvillur hafa verið leiðréttar.

C. FJÁRHAGSLEGIR SKILMÁLAR.

8. gr. Almenn ákvæði um þýðingarlaun. Fyrir útgáfuréttinn að þýðingunni skal útgefandi greiða þýðingarlaun sem nema minnst kr. 35.200,- fyrir normalörk (16 bls. með 2160 stafabilum á síðu) miðað við þýðinguna.

Þýðingarlaun greiðast þannig: Við undirskrift samnings greiðist 1/3, við afhendingu fullfrágengins handrits 1/3 og eftir að útgefandi hefur fengið í hendur lesna próförk 1/3. Ef prentuninni seinkar eða henni er frestað skal þýðandi þó ekki bíða eftir lokagreiðslu lengur en þrjá mánuði frá afhendingu handrits.

Á upphæð þýðingarlauna samkvæmt grein þessari greiðast verðbætur frá og með 1. ágúst 2001 miðað við launavísitölu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Við gerð samnings þessa er samið um greiðslu þýðingarlauna fyrir 3000 eintök. Útgefanda er þó heimilt að velja þann kostinn að gefa út öll eintök fram yfir fyrstu 1000 eintökin eða hluta þeirra eintaka í ódýrri útgáfu, þar sem hvert eintak kosti 50% eða minna af verði sambærilegrar innbundinnar bókar. Noti útgefandi þessa heimild má hann gefa út tvö eintök í stað hvers venjulegs með óbreyttum kjörum.

Óski útgefandi að gefa út fleiri eintök í bókarformi næstu 18 mánuði frá útgáfudegi bókar er honum það heimilt. Fyrir slíka viðbót skal greiða hlutfallslega miðað við fjölda viðbótareintaka og þóknun þýðanda fyrir hvert eintak samkvæmt samningi þessum.

Hafi útgefni eintök í bókarformi náð umsömdum eintakafjölda áður en samningur þessi er fallinn úr gildi getur útgefandi ákveðið að gefa þýðinguna út að nýju í sama eintakafjölda og upphaflega var samið um.

Útgefandi skal þá tilkynna þýðanda það og hann eiga rétt á greiðslu sem nemi 50% af upphaflegri greiðslu fyrir þýðinguna samkvæmt samningi þessum með þeim hækkunum sem orðið hafa á þýðingarlaunum.

9. gr. Staðfesting á eintakafjölda. Útgefandanum er skylt að láta þýðandanum í té skriflega yfirlýsingu eða afrit reikninga prentsmiðju og bókbandsstofu, sem annast hefur gerð bókarinnar, um prentaðan, heftan og bundinn eintakafjölda.

10. gr. Eintök þýðanda. Af fyrstu útgáfu prentaðrar bókar samkvæmt samningi þessum skal þýðandi fá 15 eintök án endurgjalds. Af hverri nýrri útgáfu eða prentun fær þýðandi fimm eintök án endurgjalds. Af hljóðbókarútgáfu eða útgáfu á rafrænu formi skal þýðandi fá 10 eintök án endurgjalds.

D. ÖNNUR ATRÍÐI.

11. gr. Merking og nafnbirting þýðanda. Þýðanda skal getið á viðeigandi hátt við kynningu verksins og nafn hans birt á titilsíðu verksins. Í öllum eintökum verksins skal vera höfundarréttartákn það, sem lýst er í grein III. í Alþjóðasamningnum um höfundarrétt (Genfarsáttmálanum) ásamt nafni höfundar og þýðanda og ártali fyrstu útgáfu. Merkingin skal vera svohljóðandi:

© Nafn höfundar eða réttahafa, nafn þýðanda, fyrsta útgáfuár, 2., 3. útgáfa o.s.frv.
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar, þýðanda og útgefanda.
Prentunarstaður og ár.

Merkingunni skal þannig fyrir komið og á þeim stað að hún gefi ljóst til kynna hver sé eigandi höfundarréttarins. Einnig skal merking segja til um hver séu réttindi útgefandans og hver hafi þýtt verkið.

12. gr. Undanþága frá fresti. Fresti þá sem tilgreindir eru í samningi þessum má lengja vegna óviðráðanlegra atvika, sem samningsaðilum verður ekki kennt um, svo sem eldsvoða, verkfalls eða verkþans, náttúruhamfara, styrjaldar eða annarra sambærilegra atvika.